

Mánudagurinn 26. október 1998 kl. 10:00

116. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 38/1998

**Staðfesting á bráðabirgðaákvörðun Samkeppnisstofnunar
nr. 3/1998 frá 6. október 1998.
Auglýsing útvarpsstöðvarinnar X-ins FM 97,7**

I.

Málavextir

1.

Í ágúst 1998 barst Samkeppnisstofnun erindi frá forvarna- og fræðsludeild Lögreglunnar í Reykjavík vegna auglýsingar útvarpsstöðvarinnar X-ins FM 97,7 sem birtist a.m.k. á flettiskiltum á einum veggja Hótel Esju og á mótum Miklubrautar og Grensásvegar. Auglýsingin sýnir ungan mann halda á hundi og beinir hann byssu að höfði hundsins. Texti auglýsingarinnar er eftirfarandi:

„Stilltu á X-ið eða ég skýt hundinn þinn“

Var óskað álits Samkeppnisstofnunar á því hvort auglýsingin bryti í bága við 3. og 4. mgr. 22. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, en þær hljóða svo:

„Auglýsingar skulu miðast við að börn sjái þær og heyri og mega þær á engan hátt misbjóða þeim.“

Í auglýsingum verður að sýna sérstaka varkárni vegna trúgirni barna og unglunga og áhrifa á þau.“

2.

Með bréfi, dags. 12. ágúst sl., óskaði Samkeppnisstofnun eftir athugasemdum útvarpsstöðvarinnar við framangreindu erindi. Til þess var gefinn viku frestur. Ekkert svar barst. Bréfið var ítrekað 4. september sl. og enn gefinn viku frestur. Svar barst ekki innan tilskilins frests. Hinn 15. september sl. hafði fulltrúi

útvarpsstöðvarinnar samband við Samkeppnisstofnun símleiðis þar sem tjáð var að bóúð væri að afturkalla auglýsinguna alls staðar þar sem hún væri birt.

3.

Með bréfi Samkeppnisstofnunar til útvarpsstöðvarinnar X-ins, dags. 24. september, kemur fram það mat Samkeppnisstofnunar á auglýsingunni að hún sé andstæð 3. og 4. mgr. 22. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Auglýsingin sýni vopnað ofbeldi gagnvart dýri og sé á þann hátt til þess fallin að misbjóða börnum. Þá segir að Samkeppnisstofnun telji að framsetning auglýsingarinnar geti haft áhrif á trúgirni barna og unglunga. Útvarpsstöðinni var gefinn kostur á að sjá til þess að auglýsingin yrði fjarlægð fyrir kl. 12:00 á hádegi þriðjudaginn 29. september 1998, en að öðrum kosti mætti búast við að Samkeppnisstofnun færi fram á við samkeppnisráð að það bannaði auglýsinguna skv. 51. gr. samkeppnislaga, sem fylgja mætti eftir með dagsektum. Þá var útvarpsstöðinni gefinn kostur á að koma að athugasemdum áður en framangreindur frestur rynni út.

4.

Í símbréfi til Samkeppnisstofnunar, dags. 24. september, frá útvarpsstöðinni segir m.a.:

„Í framhaldi af samtali okkar vil ég árétta að skiltið sem um ræðir verður tekið niður þann 1. október 1998.“

5.

Í dag, 6. október 1998, er umrædd auglýsing enn á flettiskiltum.

II.

Niðurstöður

Að mati Samkeppnisstofnunar er auglýsing þessi brot á 3. og 4. mgr. 22. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Hún sýnir gróft ofbeldi gagnvart heimilisdýri og á þann hátt misbýður hún börnum. Þá þykir Samkeppnisstofnun að auglýsingin geti virkað neikvætt á trúgirni barna og unglunga og geti haft neikvæð áhrif á þau. Auglýsingin birtist á flettiskiltum. Hún birtist og hverfur á víxl sem vekur aukna athygli. Skiltin eru staðsett á fjölförnum gatnamótum svo reikna má með að þúsundir manna sjái auglýsinguna daglega. Í yfirlýsingum frá Fínum Miðli ehf. en félagið rekur útvarpsstöðina, segir að hætt hafi átt notkun

auglýsingarinnar allt frá 31. ágúst 1998. Af því varð ekki. Í bréfi til útvarpsstöðvarinnar, dags. 24. september sl., gaf Samkeppnisstofnun frest til kl. 12:00 á hádegi þriðjudaginn 29. september 1998 til að fjarlægja auglýsinguna. Í símbréfi Fíns Miðils ehf. til Samkeppnisstofnunar dags. sama dag er því lýst yfir að auglýsingin verði fjarlægð 1. október 1998. Þrátt fyrir þetta er auglýsingin enn birt á flettiskiltum á Hótel Esju og á gatnamótum Miklubrautar og Grensásvegar.

Í ljósi þess að fyrirtækið hefur virt að vettugi fyrirmæli Samkeppnisstofnunar um að fara að lögum í auglýsingum telur stofnunin þörf á því að taka bráðabirgðaákvörðun á grundvelli 8. gr. samkeppnislaga og banna útvarpsstöðinni X-inu að auglýsa með mynd af ungum manni sem heldur á hundi og beinir byssu að höfði hans, með textanum: „*Stilltu á X-ið eða ég skýt hundinn þinn*“.

Á það skal minnt að brot gegn ákvæðum samkeppnislaga og reglum og fyrirmælum, settum samkvæmt þeim geta varðað fésektum, varðhaldi eða fangelsi sbr. 57. gr. laganna.

III.

Ákvörðunarorð:

„Samkeppnisráð staðfestir eftirfarandi bráðabirgðaákvörðun Samkeppnisstofnunar nr. 3/1998 frá 6. október 1998 með vísan til forsendna hennar:

„Með vísan til 3. og 4. mgr. 22. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og með heimild í 51. gr. sömu laga bannar Samkeppnisstofnun útvarpsstöðinni X-inu FM 97,7, Aðalstræti 6, Reykjavík, að nota auglýsingu þá sem birtist á flettiskiltum og sýnir ungan mann beina byssu að höfði hunds og hefur að geyma textann: „*Stilltu á X-ið eða ég skýt hundinn þinn*“.

Bannið tekur gildi þann 12. október 1998 kl. 12:00. Fyrir þann tíma þarf auglýsingin að hafa verið fjarlægð allsstaðar þar sem hún er birt.

Verði ekki farið að banninu leggjast á dagsektir skv. 51. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, að upphæð kr. 50.000 fyrir hvern dag sem bannið er brotið.““